



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Sveinn Margeirsson

Skútustaðahreppur

20. september 2020

Kæru Mývetningar nær og fjær. Það er ánægjulegt að setja á blað fyrsta pistil sem nýr sveitarstjóri, en síðustu vikur hafa verið mjög viðburðaríkar. Ég hef einnig velt nokkuð fyrir mér hvernig best er að miðla fréttum af starfi hreppsins til íbúa sveitarfélagsins og þigg gjarnan ábendingar í þeim efnum. Þeim er t.d. hægt að koma á framfæri í gegnum tölvupóst (sveinn@skutustadahreppur.is), í síma (680 6666 eða með því að senda okkur skilaboð á fésbókarsíðu Skútustaðahrepps.

Ég þakka kærlega góðar móttökur Mývetninga frá því að ég hóf störf 1. ágúst. Ég hef ekki náð að hitta alla og vona að ég megi banka upp á og ræða málin þegar tími gefst til. Veðurlíða Mývatnssveitar hefur ekki látið sitt eftir liggja í góðum móttökum á nýjum manni og í sumarhitnum í ágúst hefur verið gott að geta tekið hluta fjarfunda utan dyra.



Skipulag skrifstofu til skoðunar

Nýju fólki fylgja nýjar áherslur. Ég mun í mínum störfum leggja höfuðáherslu á atvinnu- og nýsköpunarmál og samhengi þeirra við skipulagsmál og umhverfismál. Í samhengi við þetta erum við að skoða skipulag skrifstofunnar og samhengi við nefndastarf sveitarfélagsins. Guðjón Vésteinsson lætur af störfum sem skipulagsfulltrúi 30. september og mun Atli Steinn Sveinbjörnsson taka við starfi skipulagsfulltrúa, en Atli Steinn mun ljúka námi í skipulagsfræðum á næstu vikum. Ég efast ekki um að Mývetningar muni taka nýjum skipulagsfulltrúa jafn vel og þeir hafa tekið nýjum sveitarstjóra!



Viðspyrna í atvinnumálum

Viðspyrna í atvinnumálum, aukin verðmætasköpun og að skjóta fleiri stoðum undir atvinnulíf verða lykilatriði í mínum störfum á komandi mánuðum. Í því samhengi er ráðning mín sem sveitarstjóri í 70% hlutfalli, en auk þess mun ég áfram stýra verkefninu Nýsköpun í norðri (www.thingeyingur.is), sem er samstarfsverkefni Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar. Íbúar sveitarfélaganna hafa unnið frábæra vinnu við

greiningu tækifæra og mótun sex aðgerða sem unnið hefur verið að í sumar. Ég er ekki í nokkrum vafa um að með samstöðu, kraft og áræði í farteskinu muni mörg þeirra tækifæra kristallast í nýjum fyrirtækjum, störfum og sóknarfærum til framtíðar fyrir samfélagið. Matvæli og þróun þeirra er eitt af sóknarfærum svæðisins og vil ég benda öllum á möguleika til að sækja um í Matvælasjóð (www.matvaelasjodur.is) varðandi verkefni á því sviði. Það er enn hægt að koma inn umsóknum – umsóknarfrestur er 21. september!

Framkvæmdir við göngu- og hjólastíg

Eins og þið hafið eflaust tekið eftir, eru framkvæmdir við endurnýjun hitaveitulagnar og undirbyggingu göngu- og hjólastígs komnar á fullan skrið. Endurnýjun á hitaveitunni mun auka rekstraröryggi hennar til muna og með tilkomu göngu- og hjólastígs munu möguleikar til umhverfisvænna samgangna í sveitarfélaginu svo sannarlega aukast til muna. Mig langar að þakka góð samskipti við landeigendur Reykjahlíðar, Voga og Geiteyjarstrandar tengt þessu máli. Framundan eru næstu hlutar framkvæmdarinnar, sem er ein af lykilmjálffestingum í áfangastaðaáætlun Norðurlands, enda nýtist hún ekki einvörðungu Mývetningum heldur ekki síður gestum sveitarinnar og nágrönnum. Ég stefni að því að ræða við landeigendur hringinn í kringum Mývatn um legu stígsins núna í vetur, svo við getum einhent okkur í næstu skref þegar frost fer úr jörðu í vor.

Demantshringur formlega opnaður

Sunnudaginn 6. september opnuðu Katrín Jakobsdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir Demantshringinn formlega, en opnunarathöfn hafði áður verið frestað vegna sóttkvíarráðstafana í kjölfar ríkisstjórnarfundar. Það var virkilega ánægjulegt að taka þátt í opnun hringins, sem mun verða ein af þeim stöðum sem styrkt geta ferðaþjónustu og atvinnulíf Mývatnssveitar til framtíðar. Sú vinna sem unnin hefur verið varðandi Demantshringinn ber vott um framsýni, en nafnið hefur hlotið verndun og heimasíðan

<https://www.northiceland.is/diamondcircleis> sett upp til kynningar.



Deiliskipulag í Höfða í dyragættinni


Deiliskipulag í Höfða verður kynnt á morgun, 21. september. Íbúar eru hvattir til að kynna sér deiliskipulagið á þessu stórkostlega svæði og koma með ábendingar. Skipulagið nær einnig til Klasa og mun m.a. gera betri merkingar mögulegar þ.a. beina megi ferðamönnum á ferðamannastaði í stað lögbýla.

Minjastofnun setur kraft í þróun Hofstaða

Þar sem ég hef ekki enn komist að því hvort það séu eitt eða tvö "s" í Hofsstöðum, hef ég ákveðið að taka mér það bessaleyfi að notast við báða rithætti. Óháð því var góður fundur með Minjastofnun þriðjudaginn 8. september á Hofstöðum. Stefnt er að því að setja aukinn kraft í þróun svæðisins á næstu misserum.

Nýsköpun í samhengi minja og menningar

Tengt fundi með Minjastofnun var efnt til fundar með ýmsum frumkvöðlum sem hafa komið að minjum og menningu Mývatnssveitar. Stefnt er að frekari sókn á þessu sviði á næstu misserum.



Hautverkin í fullum gangi

Það hefur verið gaman að fylgjast með smalamennsku og réttum í Mývatnssveit.



Það má með sanni segja að smalamennska í Mývatnssveit sé fjölbreytt og og spanni allt frá tveimur jafnfljótum til bátsferða.



Umsókn send í markáætlun Vísinda- og tækniráðs

Umsókn var send inn í Markáætlun Vísinda- og tækniráðs þann 17. september, í samvinnu við Þingeyjarsveit, Vestmannaeyjabæ, Þekkingarnet Þingeyinga, Háskólann á Akureyri, Listaháskólann og ýmsa fleiri samstarfsaðila. Von er á svörum við umsókninni í kringum áramót, en samtals var sótt um 150 milljóna stuðning, til að vinna að sjálfbærri þróun og auknum viðnámsþrótti innan þessara sveitarfélaga.

HRÓS DAGSINS...

Fá Mývetningar allir fyrir góðar viðtökur. Það er búið að vera mjög fræðandi og skemmtilegt að heyra hvað er í gangi, hugmyndir um þróun svæðisins og finna kraftinn sem býr í íbúum, þrátt fyrir krefjandi tíma. Í sameiningu munum við hagnýta tækifærin. Virkjum hvert annað og munum að verstu mistökinn eru að gera aldrei mistök.

Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri